

Fimmtudaginn 16. janúar 1997.

Nr. 19/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Jóhann Hauksson deildarlögfræðingur)

gegn

Pétur Gauti Kristjánssyni

(sjálfur)

Kærumál. Lögmenn. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að afturkölluð yrði skipun varnaraðila sem verjanda Rúnars Kolbeins Óskarssonar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreind skipun varnaraðila verði afturkölluð og lagt fyrir héraðsdóm að skipa nýjan verjanda í hans stað.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Hjá sóknaraðila er til rannsóknar umfangsmikið fíkniefnamál, sem Rúnar Kolbeinn Óskarsson er meðal annarra grunaður um að hafa átt aðild að. Hinn 13. desember 1996 var tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur krafa sóknaraðila um, að nefndur Rúnar sætti gæsluvarðhaldi, og var varnaraðili að ósk sakbornings skipaður verjandi hans. Með úrskurði dómsins þann dag var sakborningi gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 10. janúar 1997. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 19. desember 1996.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997 var framlengt gæsluvarðhald yfir umræddum sakborningi allt til 7. febrúar 1997. Var úrskurðurinn staðfestur með dómi Hæstaréttar 15. janúar 1997. Þegar krafa um framlengingu gæsluvarðhalds var tekin fyrir á dómþingi í héraði, gerði sóknaraðili kröfu um, að skipun varnar-

aðila sem verjanda sakbornings yrði afturkölluð og nýr skipaður í hans stað. Með hinni kærðu ákvörðun var þeirri kröfu hafnað.

Krafa sóknaraðila er reist á því, að varnaraðili hafi brotið gegn skyldum sínum sem verjandi í málinu. Samkvæmt ódagsettum upplýsingaskýrslum tveggja lögreglumanna telja þeir sig hafa fundið áfengisþef leggja frá varnaraðila við skýrslutöku af sakborningnum 20. desember 1996. Jafnframt hafi annar þeirra séð nokkrar flöskur af áfengu öli í tösku varnaraðila við sama tækifæri. Hinn 6. janúar 1997 hafi varnaraðili síðan haft símsamband við lögreglumann og verið þvoglumæltur vegna ölvunar. Enn fremur er í upplýsingaskýrslu 9. janúar 1997 greint frá samtali lögreglumanns við sex fangaverði í fangelsinu að Litla-Hrauni, og staðfesta þeir allir, að varnaraðili hafi margsinnis haft símsamband við sakborning í fangelsinu á öllum tímum sólarhrings, oft drafandi í málrómi og átt erfitt með mál sökum ölvunar.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu 28. desember 1996 kom maður að máli við lögreglumann daginn áður og greindi frá því, að varnaraðili hefði talað frjállega um málið og rannsókn þess við fólk, sem var málið óviðkomandi. Umræddur maður neitaði að gefa skýrslu og óskaði nafnleyndar. Einnig liggur fyrir upplýsingaskýrsla 8. janúar 1997 um samtal lögreglumanns frá deginum áður, þar sem annar sakborningur í málinu greindi frá því, að varnaraðili hefði haft símsamband við hann undir áhrifum áfengis. Telur umræddur sakborningur, að varnaraðili hafi reynt að hafa áhrif á sig við rannsókn málsins, en auk þess hefði varnaraðili greint frá því, að hann hefði borið upplýsingar um rannsóknina til skjólstaðings síns.

Í greinargerð varnaraðila til Hæstaréttar er því mótmælt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis í störfum sínum sem verjandi. Fullyrðingar þar að lútandi séu reistar á þvoglumælg, sem stafi ekki af neyslu áfengis, heldur af öðrum tilgreindum sökum. Þá vísar varnaraðili því með öllu á bug, að hann hafi talað frjállega um málið við óviðkomandi eða á annan hátt brugðist lögbundnum skyldum sínum sem verjandi.

Af skýrslum lögreglu um ávirðingar varnaraðila þykir ekki sannað, að hann hafi rækt starfa sinn sem verjandi með svo óviðunandi hætti, að héraðsdómara hafi borið að afturkalla skipun hans, enda

verða ekki lagðar til grundvallar í þeim efnum áðurgreindar upplýsingar, sem lögreglu hafa borist í óstaðfestum samtölum. Verður því ekki haggað við hinni kærðu ákvörðun.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
